

67
11. júní

L Ö G

um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu 5 manna nefnd til þess að rannsaka hag og rekstur allra togaraútgerðarfyrirtækja hér á landi. Skal nefndin sérstaklega taka til athugunar, hvort hægt muni að gera rekstur togaranna hagkvæmari og ódýrari en nú er, og á hvern hátt unnt sé að koma á öruggan grundvöll útgerð þeirra skipa, sem rekin hafa verið með tapi undanfarin ár.

Nefndin skili niðurstöðum rannsóknarinnar og tillögum til ríkisstjórnarinnar. Getur ríkisstjórnin, að þeim tillögum fengnum, falið nefndinni að rannsaka einstök atriði nánar, ef ástæða þykir til.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Nefndin skal hafa heimild til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflugar, af eigendum og stjórnendum togaraútgerðarfyrirtækja og öðrum, um þau atriði, sem hún telur þörf á við framkvæmd rannsóknarstarfa sinna. Einnig er nefndinni heimilt að rannsaka bækur og skjöl viðkomandi útgerðarfyrirtækja, og eru allir, sem hafa slíkar bækur og skjöl í sínum vörzlum, skyldir til að veita nefndinni aðgang að þeim.

Nefndin leiti einnig upplýsinga hjá stéttarfélögum togarasjómanna og félagi togaraeigenda um allt, sem lýtur að rekstri togaranna, svo og tilhögun og fyrirkomulagi við fiskveiðarnar.

3. gr.

Nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar, ef einhverjir eru, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða áskynja í starfi sínu og varðar einkamál einstakra manna eða fyrirtækja.

4. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 2. gr., skal sæta 10—200 kr. dagsektum, unz skyldunni er fullnægt.

Ef nefndinni eru gefnar rangar skýrslur, varðar það sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

67

Nefnd sú, er ræðir um í 1. gr., skal kosin þegar eftir gildistöku laga þessara, ef gildistakan fer fram áður en Alþingi því, er lögin samþykkir, er slitið. Ef gildistakan fer fram síðar, skal nefndin þó kosin á Alþingi því, er lögin samþykkir.

11. júní

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

L Ö G

68

um hafnargerð á Raufarhöfn.

11. júní

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Raufarhöfn í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur — gegn $\frac{3}{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Raufarhafnar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu, en þó aldrei meira en $\frac{2}{5}$ kostnaðar við hafnargerðina. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Takmörk hafnarinnar skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra í samráði við vitamálastjórn ríkisins og hafnarnefnd Raufarhafnar.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi lönd og mannvirki, er þarf til hafnargerðarinnar, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignar-